

FUNDARGERÐ AÐALFUNDAR FEBG 2024

Aðalfundur Félags eldri borgara í Garðabæ, haldinn í Jónshúsi, mánudaginn 4. mars 2024 kl. 13.30.

Formaður félagsins, Laufey Jóhannsdóttir, setti fundinn og bauð félagamenn og gesti velkomna í Jónshús. Gestir fundarins voru: Almar Guðmundsson, bæjarstjóri Garðabæjar, Svanhildur Þengilsdóttir, sviðsstjóri velferðarsviðs, Þóra Gunnarsdóttir forstöðumaður öldrunarþjónustu og Elín Þorsteinsdóttir, forstöðumaður Jónshúss.

Formaður byrjaði á að lýsa yfir að löglega hefði verið boðað til aðalfundarins með auglýsingu á heimasíðu félagsins, Instagram, Facebook og Garðapóstinum. Dagskrá væri venju samkvæmt og fyrsti liður væri kosning fundarstjóra og fundarritara.

1. Kosning fundarstjóra og fundarritara

Formaður lagði til Eysteinn Haraldsson tæki að sér fundarstjórn og að Lára Kjartansdóttir tæki að sér fundarritun og var það samþykkt.

Fundarstjóri þakkaði traustið og sagði að fyrsti liður væri skýrsla stjórnar sem væri flutt af formanni.

2. Skýrsla stjórnar um starfsemi félagsins á liðnu starfsári

Formaður, Laufey Jóhannsdóttir, bauð félagamenn og gesti velkomna. Flutti kveðju frá Björg Fengler, sem ekki gat mætt á fundinn, og minntist síðan látinna félagamenn og bað viðstadda að votta þeim virðingu sína með því að rísa úr sætum. Flutti síðan skýrslu stjórnar um starfsemi félagsins á liðnu starfsári, sem var ítarleg og fjölbreytt. Nefndi nöfn þeirra sem voru kosnir í stjórn á síðasta ári og þeirra starfssvið. Færði þeim þakkir fyrir gott samstarf. Sagði frá að fundir stjórnar hafi verið samtals 15 á árinu. Fór yfir það helsta, ferðir og viðburði á liðnu ári.

Skýrsla stjórnar fylgir fundargerðinni.

Fundarstjóri þakkaði formanni fyrir skýrsluna og kynnti að komið væri að reikningum félagsins og að gjaldkeri, Anna R. Möller, myndi taka við.

3. Ársreikningur lagður fram til umræðna og afgreiðslu

Gjaldkeri félagsins, Anna R. Möller, skýrði frá og las upp reikninga félagsins, lið fyrir lið, fyrir árið 2023 og kynnti með aðstoð skjávarpa. Rekstrartekjur félagsins urðu kr. 31.036.667 og rekstrargjöld kr. 31.147.127. Neikvæð niðurstaða kr. 110.460. Vaxtatekjur voru kr. 459.085 og hagnaður ársins því kr. 348.625.

Efnahagsreikningur félagsins sýnir veltufjármuni kr. 10.143.189, eigið fé kr. 9.983.589 og skuldir kr. 159.600, þannig að skuldir og eigið fé er alls kr. 10.143.189.

Gjaldkeri benti sérstaklega á liðinn Óinnheimt félagsgjöld, undir liðnum rekstrartekjur, að upphæð kr. 486.000 og útskýrði neikvæðu áhrifin og kostnaði vegna þess, en félagið greiðir gjald til Landssambands Eldri borgara af hverjum skráðum félagsmanni.

Fundarstjóri þakkaði gjaldkera og bað um að spurningar yrðu teknar síðar um skýrslu stjórnar og reikningana og bað um að kynnt yrði Fjárhagsáætlun næsta starfsárs og að spurningar yrðu bornar upp að því loknu.

4. Fjárhagsáætlun næsta starfsárs kynnt

Gjaldkeri kynnti næst og fór yfir fjárhagsáætlun fyrir næsta starfsár. Gert er ráð fyrir að 1950 iðkendum greiði árgjaldið og samtals tekjur áætlaðar kr. 27.550.000 og gjöldin kr. 27.228.610. Tekjur umfram gjöld yrðu því kr. 321.390.

Fundarstjóri bauð þvínæst viðstöddum að spyrja spurninga um skýrslu stjórnar og ársreikningana.

Sigurður Bjarni Ásgeirsson spurði hvort ekki væri hægt að fá niðurfeltt framlag til Landsambandsins af ógreiddum félagsgjöldum. Formaður svaraði að greitt væri til Landsambandsins samkvæmt áætluðum fjölda félagsmanna og engin endurgreiðsla í boði. Ítrekaði að það skipti miklu máli að láta vita til félagsins ef fólk vildi hætta eða segja sig úr félaginu.

Reikningar voru síðan bornir upp til samþykktar og samþykktir samhljóða.

5. Ákvöðun árgjalds

Stjórn leggur til að árgjald verði óbreytt kr. 3000. Samþykkt.

6. Lagabreytingar

Engar lagabreytingar eru að þessu sinni.

7. Kosningar:

a) Kosning formanns

Fundarstjóri kynnti að það liggi fyrir tillaga um Önnu R. Möller sem nýjan formann og var það samþykkt með lófaklappi

b) Kosning fjögurra manna í stjórn. Tillaga um eftirfarandi í aðalstjórn: Engilbert Gíslason, Lára Kjartansdóttir, Magnús Halldórsson og Sturla Þorsteinsson. Samþykkt samhljóða.

c) Kosning þriggja varamanna í stjórn. Tillaga um eftirfarandi: Bryndís Sveinsdóttir, Finnbogi Alexandersson og Sigríður Jóhannesdóttir. Samþykkt samhljóða.

d) Kosning tveggja skoðunarmanna ársreikninga og eins til vara, til eins árs: Daði Guðmundsson, Gunnar Gunnlaugsson og Ástbjörn Egilsson til vara. Samþykkt samhljóða

8. Önnur mál

Laufey Jóhannsdóttir, fyrrv. formaður tók til máls og þakkaði samstarfsfólki sínu fyrir gott samstarf á árinu og einnig bæjarstjórn fyrir gott samstarf. Sagðist vera búin að ala upp nýjan formann og taldi félagið vera í góðum höndum Óskaði nýrri stjórn velfarnaðar. Sagðist ekki vera að fara neitt og myndi vera áfram viðloðandi við félagið. Hlakkaði til að verða áfram eldri borgari í Garðabæ.

Fundarstjóri þakkaði Laufey og bauð nýkjörinn formann að taka til máls.

Anna R. Möller þakkaði traustið fyrir að kjósa sig sem formann. Sagði að Laufey hafi verið vakin og sofin yfir starfi félagsins og yrði ekki auðvelt að ganga í hennar spor. Félagið væri sterkt og gaman að sjá nýja féлага taka þátt í starfinu. Ræddi um ógreiddu félagsgjöldin og innheimtubrésið, sem sent var af banka, hefði verið illa orðað og vakið hörð viðbrögð. Ræddi um að nú yrði breyting á innheimtu með því að taka í notkun rafræn skírteini en áfram verði kort fyrir þá sem það vilja frekar. Þau yrði að sækja á skrifstofu til að spara póstkostnað. Nýtt á döfinni væri að kjósa í nefndir fyrir t.d. ferðalög og skemmtanir. Einnig stæði til að endurskoða lögina. Sagðist vilja þakka þeim sem hverfa úr stjórn, Jóni Gunnari sem væri búinn að starfa í stjórn í 5 ár og nefndi verkefni sem hann hefur séð um. Færði að lokum Jóni Gunnari blómvönd sem þakklætisvott.

Jón Gunnar þakkaði fyrir sig og sagði að þessi tími í stjórn hefði gefið sér mjög mikið. Næst ræddi Anna um Laufeyju formann, sem væri að hverfa úr stjórn. Sagði að erfitt yrði að fara í hennar spor, þakkaði henni óeigingjarnt starf og færði henni blómvönd sem þakklætisvott.

Fundarstjóri tók við og bauð bæjarstjóra, Almari Guðmundssyni, að taka til máls.

Almar byrjaði á að óska nýrri stjórn til hamingju og þakkaði þeim sem áður hafa setið í stjórn, Laufeyju fyrir gott samstarf, sem hann væri viss um að yrði gott áfram. Ræddi um brýningar til sín og að hann myndi gera sitt besta til að verða við óskum og beiðnum. Nokkur atriði væru, sem hann vildi taka fram. Fram hafi komið rík krafa frá félagsmönnum, í viðtalstíma sínum í Jónshúsi nýverið, um að lengja opnunartíma þar. Mikil ánægja væri með Jónshús sem samastað og með hækkandi sól myndum við sjá lengri opnunartíma. Félagatalið sýni rúmlega 2000 manns sem væri stórkostlegt. Ræddi síðan um ýmis verkefni og skipulagsmál til bóta fyrir eldri borgara í bænum sem væru í skoðun og verkferlum. Nefndi Byggingarfélag eldri borga og Lífsgæðakjarna eldri borgara. Hvatti félögina á Álftanesi og Garðabæ að vinna meira saman. Heilsugæslan í Garðabæ annaði ekki starfsemi og sagði að það væri til umræðu í ráðuneytinu. Sagðist vera í viðræðum við ráðherra, Willum Þór, sem hefur skilning á stöðunni. Bæta þyrfti þjónustuna í núverandi mynd þar til stækkun verður, átti jákvæðan fund um það.

Ítrekaði sínar bestu óskir til félagsmanna og stjórnar, hrósaði því hversu öflugt starfið er, sem væri til góðs fyrir okkar samfélag.

Fundarstjóri þakkaði bæjarstjóra og sagði orðið væri laust.

Sævar frá Janusi Heilsueflingu kynnti sig og bað Laufeyju um að koma til sín. Sagði að Laufey hefði verið í góðu samstarfi við Janus Heilsueflingu og færði henni blómvönd í þakklætisskyni. Laufey þakkaði fyrir sig og samstarfið.

Fundarstjóri bað þvínæst nýkjörinn formann að taka við fundinum.

Formaður sagðist vera glöð yfir að sjá hversu vel var mætt á fundinn, sem hefði verið góður, ekki hefði verið mikil andstaða. Þakkaði félagsmönnum fundarsetuna, starfsfólki fyrir aðstoðina, Eysteini fyrir fundarstjórn og Láru fyrir fundarritun. Þakkaði bæjarstjóra fyrir góð orð og ræddi um það sem væri framundan næstu daga og sleit fundi.

Aðalfundi slitið kl. 14.45

Lára Kjartansdóttir ritaði fundinn